

Starfsemi verðlagsnefndar búvöru 2018

Verðlagsnefnd búvöru ákveður samkvæmt lögum lágmarksverð til bænda fyrir mjólk innan greiðslumarks og einnig heildsöluverð helstu mjólkurvara. Í raun hafa ákvarðanir verðlagsnefndar um heildsöluverð áhrif á allar vörur sem aðildarfélög SAM framleiða.

Samkvæmt búvörulögum skal tilnefningu fulltrúa í verðlagsnefnd búvöru vera lokið 15. júní ár hvert, en nefndin skal vera fullskipuð 1. júlí ár hvert (samkvæmt 7. gr. laga númer 99/1993).

Verðlagsnefnd 2017-2018 undir formennsku Krístrúnar Frostadóttur eyddi miklum tíma í að ganga frá verklagsreglum Verðlagsnefndar. Eftir langt og strangt ferli náðist samkomulag sem allir nefndarmenn staðfestu í tölvupósti. Hins vegar tókst ekki að staðfesta verklagsreglurnar á formlegum fundi eins og ætlunin var áður en starfstíma nefndarinnar lauk. Nýr stjórnarformaður hefur boðað að hann vilji ræða lítils háttar breytingar á verklagsreglunum eins og þær voru samþykktar. Af fundi um það mál hefur ekki orðið enn. Hins vegar líta fulltrúar SAM svo á að þær verklagsreglur sem samkomulag náðist um séu í fullu gildi.

Hitt er annað mál að Atvinnuvegaráðuneytið hefur ekki farið eftir verklagsreglunum hvað varðar uppfærslu verðlagsgrundvallar kúabús og mjólkuriðnaðurinn ekki heldur hvað varðar uppfærslu iðnaðarmóðelsins.

Á fyrstu mánuðum starfstíma Verðlagsnefndar Krístrúnar var leitað til Hagsstofunnar um að vinna nýjan verðlagsgrundvöll kúabús. Þrátt fyrir eftirrekstur hefur hann ekki enn litið dagsins ljós sem er mjög bagalegt þar sem verðlagsgrundvöllurinn er algjörlega úreltur og tekjuhlíð hans hefur ekki verið uppfærð svo árum skiptir. Það að hafa ekki nákvæmari verðlagsgrundvöll háir starfi nefndarinnar.

Frá 1. júlí 2018 er verðlagsnefnd búvara skipuð eftirtöldum fulltrúum: Friðrik Már Baldursson, formaður nefndarinnar frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Ásta Pálmadóttir og Ágúst Sigurður Óskarsson tilnefnd af Velferðarráðuneyti, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson og Margrét Gísladóttir, fulltrúar Bændasamtaka Íslands, Jóhanna Hreinsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson fulltrúar Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Áheyrnarfulltrúi í nefndinni er Hálf dán Óskarsson.

Verðlagsnefnd búvöru hélt tvo bókaða fundi árið 2018.

Helstu niðurstöður þessara tveggja funda voru eftirfarandi:

Á fundi nefndarinnar 29. ágúst var ákveðið að hækka grundvallarverð á mjólk til bænda og heildsöluverð mjólkurvara eins og eftirfarandi fréttatilkynning ber með sér:

- Verðlagsnefnd búvara hefur tekið ákvörðun um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum sem nefndin verðleggur, hækki um 4,86% þann 1. september nk., nema smjör sem hækkar um 15%. Vegin hækkun heildsöluverðs er 5,30%.
- Lágmarksverð mjólkur til bænda hækkar um 3,52%, úr 87,40 kr. í 90,48 kr.
- Verðhækkunin er til komin vegna kostnaðarhækkana við framleiðslu og vinnslu mjólkur, en síðasta verðbreyting fór fram 1. janúar 2017. Frá síðustu verðlagningu hafa gjaldaliðir í verðlagsgrundvelli kúabús hækkað um 3,60% og reiknuð hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar afurðastöðva

hækkað um 7,14%. Nefndin samþykkti þessa niðurstöðu en annar fulltrúi félags- og jafnréttis-
málaráðherra greiddi atkvæði gegn henni.

Fulltrúar SAM í verðlagsnefnd búvöru þakka farsælt samstarf í nefndinni á árinu.

f.h. SAM í Verðlagsnefnd búvöru

Rögnvaldur Ólafsson

Jóhanna Hreinsdóttir